

Umhverfissráðuneytið
Kristín Rannveig Snorradóttir
Skuggasund 1
150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 19. ágúst 2009
2009080003/42-0
TB
jgo/tb

Álit vegna kærnu, Norðausturvegur (85), Hófaskarðsleið við Klapparós

Vísað er til bréfs frá umhverfissráðuneytinu, dags. 13. ágúst sl., þar sem óskað er eftir álitum Náttúrufræðistofnunar Íslands er varðar stjórnsýslukæru vegna ákvörðunar Skipulagsstofnunar um að breyting á veglínu Norðausturvegar (85) - Hófaskarðsleið við Klapparós, Norðurþingi, skuli háð mati á umhverfisáhrifum. Sérstaklega er óskað eftir álitum hvað varðar áhrif framkvæmdarinnar á votlendi á svæðinu.

Umsögn

Veglína 162 var tilkynnt til ákórðunar um matsskyldu þar sem að landeigendur á svæðinu hafa sett sig upp á móti öðrum veglínunum sem fyrirhugað var að fara. Þetta á bæði við um veglínur 140 og 141 í landi Brekku (sjá m.a. hæstarrettardóm nr. 425/2008) og um veglínu 150 í landi Katastaða og Presthóla sem allar hafa farið í mat á umhverfisáhrifum. Þetta gildir einnig um veglínu 165, sem tilkynnt var samtímis og veglína 162, en úrskurðað var af Skipulagsstofnun að ekki þyrfti að fara í mat á umhverfisáhrifum þar sem hún fellur að stórum hluta að veglínu 150.

Náttúrufræðistofnun Íslands vill benda sérstaklega á að í gögnum Vegagerðarinnar, matsskýrslu og fylgigögnum svo og skýrslu þar sem fjallað er um veglínu 162 og 165, eru upplýsingar um vatnalífriki mjög takmarkaðar, nánast engar, er lúta að lífríki í Klapparósi og lindum á svæðinu. Hér er sérstaklega átt við upplýsingar um dvergbleikjustofna (Hrönn Egilsdóttir og Bjarni K. Kristjánsson, Náttúrufræðingurinn, 2008) og vatnamarflær (Bjarni K. Kristjánsson og Jörundur Svavarsson Náttúrufræðingurinn, 2007). Náttúrufræðistofnun vill einnig benda á að samkvæmt upplýsingum frá Bjarna K. Kristjánssyni, dósent við Hólaskóla, er mjög áhugavert að við Klapparós, í sömu uppsprettum og dvergbleikja heldur til, hafa fundist grunnvatnsmarflær. Þær hafa fundist víða um land en þær marflær sem finna má á Melrakksalétu eru taldar sérstaklega áhugaverðar. Við Háskóla Íslands er PhD nemi Etienne Kornobis (Snæbjörn Pálsson aðalleiðbeinandi) sem er að skoða erfðafræði grunnvatnsmarflóa á Íslandi. Niðurstöður Etienne benda til þess að grunnvatnsmarflær á Melrakksalétu séu mjög fjarskyldar öðrum grunnvatnsmarflóm sömu tegundar á Íslandi og gæti verið allt að 5 milljón ár í aðskilnaði þar á milli hvað þróun varðar. Hér gæti því verið um svokallaða cryptic tegund að ræða (tegund sem hefur sama „útlit“ svipgerð en tímgast ekki við „sömu“ tegund annarsstaðar á landinu). Verið er að rannsaka þennan þátt og kanna á sérstaklega hvort svipfarsmunur gæti verið á milli þessara hópa.

Ísland hefur samþykkt samninginn um vernd líffræðilegrar fjölbreytni. Hér að framan er bent á dæmi um stofna tegunda sem geta verið sérstakir / einstæðir fyrir landið og líklega á heimsvísu.

Þessa stofna er að finna m.a. í lindum við Klapparós þar sem veglína 162 fer um og óvíst er um afleiðingar vegagerðar á tegundirnar

Það er mat Náttúrufræðistofnunar Íslands að veglína 162 sé, vægast sagt, mjög einkennilega hönnuð m.t.t. til náttúrufars og væri að öllum líkindum aldrei sett fram nema vegna afstöðu landeigenda til annarra veglína. Veglína 162 fer þrisvar sinnum yfir sama vatnsfall á um kílómeters löngum vegkafla (auk þess einu sinni mjög nálægt þannig að fyllingar fara út í ósinn). Veglínan fer auk þess yfir Borgarás með töluverðum skeringum, votlendi (2 ha) og yfir Klapparósinn á einum stað rétt við miklar lindir sem taldar eru hafa sérstakt lífríki, sjá hér að framan. Það er ólíklegt að mati Náttúrufræðistofnunar Íslands að veglína 162 muni hafa mikil áhrif á fuglalíf en áhrif verða veruleg á votlendi.

Niðurstaða

Náttúrufræðistofnun Íslands vill að það komi skýrt fram að það er álit stofnunarinnar m.t.t. til náttúrufars að veglína 162 sé mun verri kostur en bæði veglína 140 eða 141 og að veglína 150 og 165 séu einnig verri kostur en veglínur 140 og 141. Áhugavert er að skoða vegagerðina við Klapparós út frá þeim upplýsingum sem nú liggja fyrir um dvergbleikju og grunnvatnsmarflær og ábyrgð Íslands og skuldbindingar um vernd líffræðilegrar fjölbreytni. Ef lítið til nýrra upplýsinga um náttúrufar ber að reyna eftir fremsta megni að ná sátt um veglínu 140 eða 141.

Hvað varðar þá spurningu hvort áhrif á votlendi séu það mikil að það gefi tilefni til þess að fram fari mat á umhverfisáhrifum er svarið ekki einfalt. Um er að ræða mjög stuttan vegkafla þar sem ólíklegt er að fram komi fleiri nýjar upplýsingar, innan stutts tíma, en þær sem hér hafa birst. Kosturinn við mat á umhverfisáhrifum er að hægt er að setja skilyrði, sé það niðurstaða matsins, fyrir fyrirhugaðri vegagerð. Skilyrði sem eiga að tryggja vernd hins „sérstaka“ lífríkis við Klapparós fari leyfisveitendur eftir settum skilyrðum. Það er mat Náttúrufræðistofnunar Íslands, út frá upplýsingum um náttúrufar, að veglína 162 sé ekki ásættanlegur kostur eins og veglínan er fyrirhuguð. Verði ákveðið að halda áfram með veglínu 162 telur Náttúrufræðistofnun að framkvæmdin þurfi að fara í mat á umhverfisáhrifum svo tryggt sé að öll sjónarmið og upplýsingar er varða m.a. vernd lífríkis í og við Klapparós komi fram.

Virðingarfyllst

Jón Gunnar Ottósson
forstjóri

Trausti Baldursson



NÁTTÚRUFRAEÐISTOFNUN ÍSLANDS